

L Ö G

32

13. marz

um skattfrelsi Nóbelsverðlauna Halldórs Kiljans Laxness.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nóbelsverðlaun Halldórs Kiljans Laxness skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. marz 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

FORSETABRÉF

33

28. marz

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, að Alþingi, 75. löggjafarþingi, skuli slitið í dag, miðvikudaginn 28. marz 1956.

Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 28. marz 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

AUGLÝSING

34

3. apríl

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur.

Hinn 28. marz var undirritað í Reykjavík samkomulagi um viðskipti milli Íslands og Danmerkur, er gildir fyrir tímabilið 15. marz 1956 til 14. marz 1957.

Samkvæmt samkomulagi þessu munu dönsk stjórnarvöld veita innflutningsleyfi fyrir íslenskum vörum á svipaðan hátt og áður hefur tíðkapt og íslensk stjórnarvöld munu einnig heimila innflutning frá Danmörku eins og að unndanfögnu að svo miklu leyti, sem gjaldeyrisástand landsins leyfir.